



MENNTUN - MANNRÆKT

Forvarnaráætlun

NJARÐVÍKURSKÓLA

Efnisyfirlit

Forvarnaráætlun	2
Einelti	3
Agamál og viðurlög.....	4
Öryggis- og slysavarnir	5
Slys á skólatíma.....	5
Tryggingar skólabarna.....	5
Rýmingaráætlun	5
Jarðskjálftar	6
Umferð við skólann	7
Bílaumferð við skólann	7
Hjólreiðar við skólann	7
Óveður	8
Almannavarnaáætlun.....	8
Áfallaáætlun	10
Kynferðisleg misnotkun og ofbeldi gagnavart nemanda.....	10
Jafnréttisáætlun.....	12
Forvarnir á sviði vímuefna, kynheilbrigðis og netnotkunar	13
Vímuefni.....	13
Kynheilbrigði	14
6. bekkur.....	14
8. bekkur.....	14
9. bekkur.....	14
10. bekkur.....	14
Netnotkun	15

Forvarnaráætlun

Forvarnaráætlun Njarðvíkurskóla byggir á skólabrag sem einkennist af virðingu, ábyrgð og vinsemd þegar kemur að forvörnum og viðbrögðum við ýmsum uppákomum. Unnið er markvisst að forvörnum í víðum skilningi með það markmið að stuðla að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd, heilbrigðum lífsháttum og virðingu í samskiptum. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar. Samskiptahæfni nemenda er eflað og þeim kennt að leysa ágreining. Nemendur eru fræddir um ábyrgð og gagnkvæma virðingu. Árlega taka forvarnarverkefni mið af áherslum í skólastarfinu, menntastefnu Reykjanesbæjar og þeirri fræðslu sem er í boði á hverjum tíma. Stjórnendur skólans rýna í niðurstöður úr könnunum eins og Skólapúlsi og öðrum könnunum. Forvarnarstefna Njarðvíkurskóla nær til alls skólasamfélagsins.

Forvarnaráætlun skólans skiptist í sex undirkafla:

- Einelti
- Agamál og viðurlög
- Öryggis- og slysavarnir
- Áfallaáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Forvarnir á sviði vímuefna, kynheilbrigðis og netnotkunar

Einelti

Í Njarðvíkurskóla starfar eineltisteymi eftir eineltisáætlun skólans. Forvarnarverkefnið Stöndum saman var innleitt í kennslu en verkefnið er í anda PBS agastefnunnar. Innleiðing á þessu verkefni hófst haustið 2011. Í eineltisteyminu eru stjórnendur, námsráðgjafi auk kennara. Starfsfólk Njarðvíkurskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Njarðvíkurskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Þegar upp koma eineltismál í skólanum þá leitar teymið sameiginlega leiða við vinnu við málin. Eineltisteymið vinnur eftir ákveðinni áætlun sem felur í sér að brugðist verði við svo fljótt sem verða má. Teymið kannar hvort grunur um einelti sé á rökum reistur samkvæmt skilgreiningu skólans og vinnur í málinu til að byrja með. Á heimasíðu skólans er tilkynningarblað og geta foreldrar, umsjónarkennari eða aðrir sem koma að skólasamfélaginu tilkynnt mál til skólastjóra sem fer yfir málið með tilkynnanda og leggur málið fyrir eineltisteymi skólans. Eineltisteymið vinnur eftir ákveðnum verkferlum eru aðgengilegir á heimasíðu skólans.

Eineltisteymið tekur tilvísun eineltismáls til umræðu á fundi. Þar er málið skoðað og fer það eftir eðli þess og vexti til hvaða aðgerða er gripið. Ákveðnum fulltrúum eineltisráðs eða öðrum í starfsliði skólans er falin umsjón með áframhaldandi vinnu. Eineltisteymið fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans er leitað til sérfræðinga á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

Allir í skólasamfélaginu hafa hlutverk þegar kemur að líðan nemenda. Lögð er mikil áhersla á að allir starfsmenn skólans, nemendur og foreldrar séu vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Mikilvægt er að allir séu vakandi fyrir einelti og komi vitneskju um það sem allra fyrst til umsjónarkennara eða skólastjórna ef þörf þykir. Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.

Agamál og viðurlög

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþorska og hæfni nemenda.

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og leitast er við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær eru birtar á vef skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur. Skólareglur Njarðvíkurskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Njarðvíkurskóli starfar eftir agastefnunni „Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun“ (PBS -Positive Behavior Support) þar sem einkunnarorðin eru Virðing – Ábyrgð – Vinsemd. Unnið er eftir skilgreindum væntingum um rétta hegðun og umgengni á öllum svæðum skólans sem eru settar upp í reglufylki. Nemendur fara með kennurum í gegnum hvert svæði skólans og þeim er sýnt og kennt hvers er vænst af þeim á hverjum stað, kennsla í væntingum. Verkefnið er reglulega metið með þarfagreiningu meðal starfsmanna sem og skráningargögnum úr Mentor er safnað og þau notuð til ákvarðanatöku í virku eftirliti á svæðum skólans. Helstu einkenni stuðnings við jákvæða hegðun eru kennsla á væntingum, nemendur fá hrósmiða sem þeir safna saman í fyrir fram ákveðna umbun með bekknum og svo fara allir starfsmenn eftir agaferli þar sem agabrot eru flokkuð eftir vægi og viðbrögð allra starfsmanna eiga að vera eins. Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun er reynt að leiðrétta þá hegðun, minna á regluna, gefa umhugsunartíma og/eða valmöguleika á lausn.

Öryggis- og slysavarnir

Slys á skólatíma

Öryggi nemenda í skólum skiptir miklu máli. Það er því lögð áhersla á að allir starfsmenn fái þjálfun í öryggismálum. Allir starfsmenn fá reglulega þjálfun í skyndihjálpi. Þannig læra starfsmenn hvernig bregðast á við þegar slys ber að höndum. Einnig þarf að tryggja öryggi í skólahúsnæði og á skólalóð. Veitt er fyrsta hjálpi í skólanum og minni háttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð skulu foreldrar fara með barninu. Slys eru skráð í skólanum. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer skráð á Mentor svo hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum. Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu eða lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Tryggingar skólabarna

Öll skólabörn eru tryggð hjá Tryggingamiðstöðinni (TM) hvort sem það eru líf-, örorku- eða slysatryggingar á meðan þau eru á ábyrgð skólans á skólatíma, s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera skal skýrslu um öll óhöpp sem verða og senda TM til varðveislu. Foreldrum er bent á að senda TM reikninga sem verða til vegna áverka eða slysa sem börn verða fyrir. TM mun að greiða viðkomandi sjúkrakostnað enda er skýrslan í þeirra höndum.

Rýmingaráætlun

Í Njarðvíkurskóla er brunaviðvörðunarkerfi og er rýmingaráætlun og teikningar af henni í öllum stofum skólans. Rýming er æfð árlega en Brunavarnir Suðurnesja sjá um að rýmingu þriðja hvert ár. Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang kannar umsjónarmaður skóla og/eða skólastjórnandi hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki er slökkt á brunaboðanum innan tveggja mínútna eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrir í brunaboðanum. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef boð hefur ekki borist til Securitas um brunaboð. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunavælum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá.

Kennarar/starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis síns og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru í öllum rýmum. Teikningar af útgönguleiðum eru í öllum rýmum

skólans. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofuna fyrr en kennari/starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin er greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/nemendahóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast og þegar stofa er yfirgefin þarf hann að muna eftir nafnalista. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkvæmt leiðbeiningum eða sem er greiðastur.

Nemendur ganga út eftir kennara og sá nemandi/starfsmaður sem síðastur fer út úr kennslustofum/ rýmum skal loka vel öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reyklæði um húsið. Athugið að ekki má læsa hurðum. Kennari/starfsmaður fer fyrir nemendum út.

Þegar komið er út á söfnunarsvæðið, fótbolta- og körfuboltavellina, er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð á sínu svæði hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út.

Umsjónarmaður skóla kemur lyklum af skólanum til varðstjóra og sér um að athuga hvort allt starfsfólk sé komið út á söfnunarsvæði hjá ritara skólans og aðstoðarskólastjóri/deildastjórar athugar hvort allir kennarar séu komnir út. Ef einhvern vantar afla þeir upplýsinga um það hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni og lætur varðstjóra slökkviliðsins vita.

Deildastjórar fara á milli hópa og fá upplýsingar um stöðu mála í nemendahópum og upplýsa skólastjóra um stöðu mála. Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður við slökkviliðið.

Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi /umsjónarmaður gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.

Í samráði við Brunavarnir Suðurnesja bíða nemendur síðan í íþróttahúsi þar til hættan er liðin hjá. Slökkviliðið stýrir aðgerðum og enginn fer inn í bygginguna fyrr en varðstjóri slökkviliðsins hefur gefið skólastjóra eða staðgengli hans leyfi til að hleypa fólki aftur inn.

Jarðskjálftar

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér og því nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Hægt er að draga verulega úr hættu ef komið er í veg fyrir að þungir hlutir falli á starfsfólk og börn. Því þarf að tryggja að hillur festar við vegg.

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Leita skal skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra, t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Viðbrögð við jarðskjálfta ættu að vera:

- Krjúpa, skýla höfði og halda sér í eitthvað ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
- Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.
- Fara í hurðarop, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér.
- Fara undir borð, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA í borðfót.

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans hefur gefið út leiðbeiningar um Viðbrögð við jarðskjálfta.

Umferð við skólann

Bílaumferð við skólann

Til að tryggja öryggi barna í skólanum eru foreldrar hvattir til að aka varlega við skólann og nota hringaksturinn við Brekkustíg eða stöðva við gangstéttar við Norðurstíg í öryggisskyni. Ekki er heimilt að keyra inn á bílastæði starfsfólks við Íþróttahúsið til að skutla nemendum eða sækja í skólann. Sýna þarf nágrönnum skólans og börnum sem ganga til skóla tillitssemi og aka varlega í nágrenni við skólann. Foreldrar eru hvattir til að stilla umferð bifreiða um skólasvæðið í hóf og hvetja börn sín til að ganga eða hjóla í skólann. Nauðsynlegt er að foreldrar finni með börnum sínum bestu og öruggustu leiðina í skólann. Nemendur eru hvattir til að vera með endurskinsmerki svo öikumenn eigi auðveldara með að sjá þá í skammdeginu. Reykjanesbær efnir til umferðar- og öryggisátaks á hverju hausti og er markmiðið að vekja almenning til umhugsunar um umhverfið sitt og umferðarmenningu í víðasta skilningi. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að skapa meira öryggi fyrir unga vegfarendur á leið í skólann.

Hjólreiðar við skólann

Nemendum sem koma á hjólum í skólann ber að fara eftir siðum skólans og geyma þau læst í hjólagrindum á skólatíma. Nemendur eiga að nota hjólahjálma og virða allar öryggisreglur sem gilda um hjól. Sama gildir um það ef nemendur koma á hjólabrettum, hlaupahjólum eða línuskautum. Í frímínútum mega nemendur nota hjólabretti á ákveðnu svæði á skólalóðinni ef þeir eru með hjálma. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á hjólum sínum og öðrum munum sem þeir koma með í skólann. Athygli er vakin á því að samkvæmt umferðarlögum er ekki mælt með því að börn yngri en 13 ára séu á rafdrifnum hjólum.

Óveður

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á Suðurnesjum fylgjast Lögreglan og Almannavarnir gaumgæfilega með, hafa samstarf við skólana og gefa út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf. Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í og úr skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Við slíkar aðstæður eru skólarnir opnir og þar er öruggt skjól fyrir börnin. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlilega fjarvist. Sama gildir ef börn eða foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa. Einnig er áhersla lögð á að skólarnir sjái til þess að alltaf verði einhver starfsmaður í skólunum til að taka á móti börnum sem mæta þrátt fyrir að send hafi verið út tilkynning um að skólahald falli niður.

Almannavarnaáætlun

Viðbragðsáætlun segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Njarðvíkurskóla, í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu influensu. Markmið viðbragðsáætlana skóla er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra ef til influensufaraldurs kemur. Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Verkefnisstjórn vegna viðbragðsáætlunar er í höndum stjórnenda skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, uppfærslu og virkjun. Aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri eða trúnaðarmenn á vinnustaðnum bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í forföllum skólastjóra og hafa samstarf við skólahjúkrunarfræðing/Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Skólastjórnendur upplýsa starfsmenn skólans, á starfsmanna- og kennarafundum, um influensuna útbreiðsluleiðir og hvernig draga meggi úr smitleiðum. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar frá stjórnendum og skólahjúkrunarfræðingi gegnum heimasíðu skólans og með fjölpósti í gegnum Mentor. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að tölvu fá dreifibréf með nauðsynlegum upplýsingum. Tenglar verða á heimasíðu skólans þar sem finna má gagnlegar upplýsingar s.s. www.almannavarnir.is og á www.influensa.is

Skólastjóri fer yfir verkferla í ræstingu með umsjónarmönnum í upphafi skólaárs. Samráð verður haft við skólahjúkrunarfræðing /HSS og þessir aðilar sjá um að útvega hlífðarbúnað. Foreldrar verða hvattir til að halda börnum sínum heima eins og tilmæli sóttvarnarlæknis gefa til kynna. Ef nemandi veikist í skólanum og þarf að komast heim verður foreldrum gert að sækja barnið. Umsjónarkennarar og skrifstofustjóri sjá um að hringt sé heim til aðstandenda í slíkum tilfellum.

Veikist skólastjóri tekur aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri eða trúnaðarmenn í skólanum við stjórn. Komi til lokunar skóla skal skólastjóri og aðstoðarskólastjóri auglýsa lokun skóla. Það skal gert á eftirfarandi hátt: Á heimasíðu skóla, á heimasíðu Reykjanesbæjar, á Facebook síðu skólans, haft verður samband við alla starfsmenn, sendur verður póstur til allra aðstandenda á Mentor og hringt í þá sem ekki hafa netföng, skrifleg auglýsing sett á alla innganga skólans, nemendur með annað tungumál en íslensku, og aðstandendur þeirra, fá sérstakar leiðbeiningar með aðstoð túlka.

Áfallaáætlun

Í áfallahaldbók Njarðvíkurskóla er áætlun um hvernig bregðast skuli við áföllum og slysum. Áfallateymi er starfandi í skólanum og fer skólastjóri fyrir teyminu. Hlutverk áfallateymis er að sjá um að nemendur og starfsfólk skólans fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli, bæði við áfallið og á eftir þegar viðkomandi kemur aftur til starfa/í skólann. Áfallateymi sér einnig um fræðslu til starfsfólks um viðbrögð við slysum og áföllum. Sjúkrakassar eru hjá gangavörðum, skrifstofustjóra og í sérgreinastofum s.s. heimilisfræði- og smíðastofu. Einnig eru sjúkrakassar í sérdeildum skólans Ösp og Björk. Handbækur um viðbrögð við slysum og áföllum eru hjá skrifstofustjóra, deildastjórum og skólastjóra.

Kynferðisleg misnotkun og ofbeldi gagnavart nemanda

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum: „Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”. Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

Tilkynnt er um kynferðislega misnotkun og ofbeldi gagnvart nemanda til barnaverndarnefndar af skólastjóra í nafni stofnunarinnar á þar til gerðum eyðublöðum. Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er ekki rætt við barnið um það heldur haft strax samband við barnaverndarnefnd. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda. Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt hefur skólinn beint samband við barnaverndarnefnd án þess að upplýsa foreldra um það. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hætt á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki

tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins. Komi barn með sýnilega áverka í skóla eða segi frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarnefnd.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Njarðvíkurskóla er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar 2016 og framtíðarsýn Reykjanesbæjar í skólamállum. Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda. Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Njarðvíkurskóla og byggð á jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar 2016. Stefna Njarðvíkurskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- eða andlegri fötlun. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og miða að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Starfið á einnig að mótast af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum. Njarðvíkurskóli leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með menntun og mannrækt að leiðarljósi sem eru einkunnarorð skólans. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti. Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma og áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans.

Forvarnir á sviði vímuefna, kynheilbrigðis og netnotkunar

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2011 er Heilbrigði og velferð nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Njarðvíkurskóli fræðir og styður nemendur til heilbrigðra lífs- og neysluháttanna. Nemendur fá fræðslu um skaðsemi notkunar á hvers kyns vímuefnum. Fræðslan miðast við aldur barnanna og þær hættur sem helstar eru á hverjum tíma. Markmið með forvörnum er að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda þannig að þeir verði betur undirbúnir til að taka mikilvægar ákvarðanir í lífinu. Foreldrar og starfsmenn fá einnig slíka fræðslu og ráðgjöf ef þörf er talin á.

Forvarnarfræðsla gegn tóbaksnotkun, áfengisnotkun eða annarri ávanabindandi hegðun og neyslu ásamt forvörnum er tengjast kynfræðslu er fléttuð inn í námsefni í lífsleikni og er því stöðugt í umræðunni. Nemendur í 9. bekk taka þátt í forvarnardeginum hvert ár.

Nemendur fá reglulega heimsóknir manna sem sérhæfa sig í slysavörnum s.s. um meðferð flugelda og slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekk í eldvarnarviku í byrjun desember. Þá koma lögreglumenn sem sinna öryggismálum í umferðinni og fræða nemendur og lögreglumenn sem sinna fíknefnamálum ræða við nemendur. Auk þess höfum við reglulega fengið til okkar Maritaverkefnið fyrir nemendur sem er forvarna- og fræðsluverkefni gegn fíkniefnum.

Í Njarðvíkurskóla leikhópar og farið er á leiksýningar sem eru með forvarnarboðskap. Tekið er þátt í forvarnar- og uppbyggingarstarfi með foreldrafélaginu með því t.d. að fá fyrirlesara á fundi með foreldum og nemendum. Foreldrafélagið og önnur félög í grenndarsamfélagi skólans styrkja á hverju ári verkefni er tengjast forvörnum.

Vímuefni

Njarðvíkurskóli vinnur samkvæmt forvarnarstefnu Reykjanesbæjar en meginmarkmið hennar er að skapa aðstæður sem eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif og efla sjálfstraust og sjálfsmat barna og ungmenna.

Markmiðið er að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi. Að vinna markvisst gegn einelti og öðrum félagslegum vandamálum. Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og stuðla að hollum lífsháttum. Að skólinn verði vímuefnalaus, nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna. Að eiga öflugt samstarf við foreldra, ráðgjafa fræðsluskrifstofu,

félagsmiðstöð, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu og fíknihæðun.

Lögð er áhersla á að reglusemi, útvíst ungmenna og vímuefnalaus grunnskóli verði ætíð rædd á kynningarfundum umsjónarkennara og foreldra að hausti. Fylgja þarf fast eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna í skóla, á skólalóð og í skólaferðalögum. Aðstoða þarf nemendaráð skólans við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver með öðrum án þess að vímuefni komi við sögu. Stuðla að námi/kennslu við hæfi hvers einstaklings til að sjálfsmynd hans styrkist. Stuðla að góðum og reglulegum samskiptum nemenda við skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa í skólanum. Veita nemendum, foreldrum þeirra, kennurum og öðru starfslíði viðeigandi ráðgjöf. Þjóða árlega upp á fræðslu fyrir foreldra í samráði við foreldrafélög, félagsmiðstöðvar, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu.

Kynheilbrigði

Nemendur fá fræðslu og kynningar um kynfræðslu á unglingastigi en fastar kynningar eftir árgöngum eru eftirfarandi:

6. bekkur

Skólahjúkrunarfræðingur kemur með fræðslu til nemenda að vori og nemendur fá bækling með sér heim til að ræða við foreldra. Nemendum er kynjaskipt í þessari fræðslu. Einnig fá nemendur kynfræðslu í náttúrufræðitímum í tengslum við námsefnið Maðurinn – hugur og heilsa.

8. bekkur

Kynfræðsla í tengslum við námsefnið í náttúrufræði „Um stelpur og stráka“.

9. bekkur

Nemendur fá fræðslu um kynsjúkdóma þegar farið er í viðfangsefnið um veirur og bakteríur. Hjúkrunarfræðingur kemur inn í kynfræðsluna í 9. bekk og ræðir við nemendur í kynjaskiptum hóp um helstu atriði og svara þeim spurningum sem brennur á þeim. Jafnframt er farið inn á mikilvægi hreinlætis.

10. bekkur

Kynfræðsla í tengslum við námsefnið Mannslíkaminn. Umræður um mismunandi kynhneigð og kynvitund.

Netnotkun

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á að kenna nemendum ábyrga netnotkun. Netheimurinn er í dag stór hluti af daglegu lífi barna og er nú vettvangur bæði náms og samskipta og býður upp á vaxtarmöguleika af ýmsu tagi. Mikilvægt er fyrir skóla að setja sér markalínur um netnotkun sem fylgt er eftir í daglegu starfi. Einnig er mikilvægt að fræða bæði börnin og foreldra þeirra um þær hættur sem leynast á netinu og um ofnotkun á tölvum. Í öllum árgöngum er fjallað um ábyrga hegðun við notkun á netinu og í samskiptum þar. Ef nemandi verður uppvís að óábyrgri netnotkun er tekið á málinu í samræmi við verklag skólans varðandi hegðunarbrot. Foreldrar eru í flestum málum upplýstir um slík brot. Jákvæð netnotkun er nýtt til góðra verka og neikvæð notkun er stöðvuð og leiða leitað til að koma málum í betri farveg. Starfsfólk leitar markvisst til sálfræðinga og annarra aðila sem vinna að lausnum fyrir þá einstaklinga sem ofnota netið og missa fótanna vegna þessa. Áhersla er lögð á að starfsmenn, jafnt sem nemendur, fái reglulega fræðslu um strauma og stefnur í netnotkun ungmenna þannig að þeir viti hverju ástæða er til að fylgjast með, hvar hættur geta legið og hvernig best sé að bregðast við.